



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000

VÍKURFRÉTTIR

MIÐVIKUDAGUR 9. OKTÓBER 2024 // 38. TBL. // 45. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Vogar á Vatnsleysuströnd.

Skoða möguleika á að bora eftir vatni á Ströndinni

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga leggur til að skoðaður verði sá möguleiki að bora eftir vatni á Vatnsleysuströnd þar sem það svæði er minnst útsett fyrir jarðhræringum og eldsumbrotum.

Minnisblað um mögulega mengunarhættu frá eldsumbrotum á vatnsverndarsvæði fyrir vatnsbólín á Lágasvæðinu í Grindavík og í Vogavík í Vogum var lagt fram á síðasta fundi bæjarráðs sveitarfélagsins. Minnisblaðið var tekið saman af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, HS Veitum, HS Orku, Sveitarfélaginu Vogum, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og ÍSOR.

Bæjarráð þakkar í afgreiðslu málsins góða vinnu við greiningu á stöðu neysluvatnsmála í sveitarfélaginu og leggur áherslu á að unnið sé áfram að viðbragðsáætlunum til að tryggja neysluvatn með HS veitum.



Framkvæmdir í Svartsengi ganga vel. Á þessari drónamynd Ragnars Axelssonar sést vel yfir í Bláa Lónið sem nýttir auðlindavökva orkuversins.

„Þetta er
ákveðið
púsluspil“



8-9

Vatnið nær tvöfalt dýrara í Sandgerði en Garðinum

■ Fasteignaeigendur í Garði greiða um helmingi lægri vatnsskatt en Sandgerðingar

Íbúar í Garði greiða um það bil helmingi lægri vatnsskatt en íbúar í Sandgerði en saman mynda þessir gömlu byggðakjarnar sveitarfélagið Suðurnesjabæ. Jón Norðfjörð, bæjarbúi í Suðurnesjabæ fjallar um málið í aðsendri grein í blaðinu.

Fyrir liggur að fasteignaeigendur í Garði greiða um það bil helmingi lægri vatnsskatt en fasteignaeigendur í Sandgerði. Skýringin er sú að HS Veitur eiga vatnsveituna í Garði og rukka fasteignaeigendur þar samkvæmt gjaldskrá, en bærinn á vatnsveituna í Sandgerði og kaupir vatn af HS veitum við dælustöð og selur til fasteignaeigenda í Sandgerði sem hlutfall af fasteignamati, óháð notkunarmagni. Þannig hefur þetta verið frá sameiningunni 2018 og ljóst að eigendum fasteigna í bæjarfélaginu er mismunandi. Þetta er í andstöðu við gefin fyrirheit fyrir sameiningu eins og lesa má á upplýsingasiðu vegna kosninga um sameiningu Sandgerðis og Garðs, segir í grein

Jóns um málið og hann sendi fjórar spurningar til stjórnenda Suðurnesjabæjar og spurði m.a. hvers vegna þessi mismunun væri. Hann fékk m.a. það svar að bæjarfélagið reki vatnsveituna í Sandgerði

en HS Veitur reki vatnsveituna í Garði.

Samkvæmt lögum megi ekki reka vatnsveituna með halla. „Suðurnesjabær þekkir ekki rekstur HS veitna til þess að svara því til hver sé munur á rekstri og gjaldskrá vatnsveitnanna,“ sagði jafnframt í svari sveitarfélagsins.

Grein Jóns er á síðu 12 í Víkurfréttum vikunnar.



■ Stækkun og endurbætur orkuvers HS Orku á áætlun:

Góður gangur í Svartsengi

Framkvæmdir við stækkun og endurbætur á jarðvarmaverinu í Svartsengi eru nánast á áætlun þrátt fyrir umtalsverðar tafir í ljósi sex eldgosa á Reykjanesi á tæpu ári. Fyrsta skóflustungan var tekin í desember 2022 og áætlanir gera ráð fyrir gangsetningu í ársbyrjun 2026.

Með stækkuninni eykst framleiðslugeta orkuversins en aukningin felst fyrst og fremst í því að nýta auðlindina betur þar sem ekki verða boraðar nýjar jarðhítaholur í tengslum við stækkunina.

Framkvæmdirnar miða ekki síður að því að endurnýja eldri búnað en orkuverið var byggt upp í sex áföngum á þrjátíu árum og var fyrsti hlutinn tekinn í notkun árið 1976. Framkvæmdirnar nú eru því sjöundi áfanginn í uppbyggingu versins. Tvö eldri orkuver verða tekin úr notkun þegar hið nýja kemst í gagnið



auk þess sem vonir standa til þess að endurbæturnar leiði af sér lægri viðhaldskostnað til framtíðar.

Jarðvarmaverið í Svartsengi er fyrsta blandaða jarðvarmavirkjunin á Íslandi en þar er framleidd raforka, heitt vatn og kalt vatn auk þess sem fleiri auðlindastraumar eru nýttir frá verinu í Auðlindagarði HS Orku segir í tilkynningu frá félaginu.

Semja um fylgdarlaus börn í Suðurnesjabæ

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar hefur samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við mennta- og barnamálaráðuneytið um endurnýjaðan samning um þjónustu við fylgdarlaus börn.

Á fundi fjölskyldu- og velferðarráðs í september var fjallað um samstarfssamning mennta- og barnamálaráðuneytisins og Suðurnesjabæjar um þjónustu við fylgdarlaus börn. Núverandi samningur rennur út 31. desember næstkomandi. Fjölskyldu- og velferðarráð lagði til við bæjarstjórn að samningurinn við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna fylgdarlausra barna verði framlengdur til 2027 með sex mánaða uppsagnarfresti.

Kafbátasjóliðar sólggnir í íslenskar agúrkur



Bandarískur kjarnorkuknúinn kafbátur var í þjónustuheimsókn á Stakkfirði á mánudaginn. Kafbáturinn fór fyrir Garðskaga um klukkan níu á mánudagsmorgun og var út af Keflavíkurhöfn um klukkustund síðar. Kafbáturinn USS Indiana kom hingað að sækja vistir og hafa áhafnaskipti. Hann var þjónustaður frá þjónustubátum Voninni GK sem Kjöfnarþjónusta Sigurðar Stefánssonar gerir út. Varðskipið Freyja fylgdi svo kafbátinum á ferðum sínum um Faxaflóa. Það vakti athygli þeirra sem sáu til að mikið af íslensku grænmeti fór um borð í kafbátinn, m.a. íslenskar agúrkur í tugum kílóa. Meðfylgjandi mynd tók ljósmyndari Víkurfrétta af kafbátinum og Voninni á Stakkfirðinum með Keili í baksýn. VF/Hilmar Bragi Bárðarson



Yndislega dóttir okkar, barnabarn, barnabarnabarn, frænka og vinkona,

JANA EIR KRISTJÁNSDÓTTIR,
prinsessa,



lést í fangi foreldra sinna á Barnaspítala Hringins umvafin ást og kærleik þann 3. október.

Útför hennar fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 11. október klukkan 12.

Innilegar þakkir til starfsfólks Barnaspítala Hringins, sjúkraflutningamanna Brunavarna Suðurnesja og Sigrúnu sjúkrahjálfa.

Vigdís Eir Viðarsdóttir Kristján Sigurjónsson
Sigríður Gunnarsdóttir Viðar Kristjánsson
Helga Árnadóttir Sigurjón Hreiðarsson
fjölskylda og vinir

Hlévangur verður áfram hjúkrunarheimili

Heilbrigðisráðuneytið hefur óskað eftir því við Reykjanesbæ að Hlévangur verði áfram nýttur sem hjúkrunarheimili. Nú er unnið að nýbyggingu við Nesvelli í Reykjanesbæ þar sem verða 80 ný hjúkrunarrými. Upphaflega áttu rýmin að vera 60 en samningar náðust um að bæta við 20 rýmum með því að bæta fjórðu hæðinni ofan á nýbygginguna.

Núna liggur fyrir að heilbrigðisráðuneytið vill fá að nýta Hlévang áfram sem hjúkrunarheimili þegar nýja hjúkrunarheimilið opnar. Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur falið Halldóru Fríðu Þorvalds-



dóttur, staðgengli bæjarstjóra, og Heru Ósk Einarsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs, að eiga samtal við ráðuneytið um málið.

Á Hlévangi eru í dag 30 heimilismenn. Þar starfa milli 60-70 starfsmenn í mismunandi stöðugildum.

„Við erum með hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, félagsliða, ófaglært

starfsfólk. Iðjuþjálfara, sjúkrahjálfa og lækni. Samtenging við Nesvelli er mikil þar sem stöðdeildar vinna náið saman á milli heimila,“ segir Þuríður Elísdóttir, forstöðumaður Hrafnistu Hlévangs og Nesvalla, í samtali við Víkurfréttir

„Það er svo sannarlega þörf á að fjölga meira hjúkrunarrýmum fyrir okkar svæði en sem nemur því sem staðan hefur breyst eftir að Víðihlíð í Grindavík var rýmd og fleiri sem voru heima með heimahjúkrun og félagslega þjónustu og áttu ekki heimili,“ segir Þuríður jafnframt.

Vegna úrræðaleysis neyðast sveitarfélög til að taka á sig þungar fjárhagslegar byrðar

Búsetuúrræði fyrir börn með fjölþættan vanda voru til umfjöllunar á fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar á dögunum. Þar var tekið fyrir minnisblað um fund fulltrúa Suðurnesjabæjar með ráðherra barnamála og fjármála, ásamt gögnum um málið.

Fyrir liggur erindi frá velferðarsviði með ósk um viðbótar fjárheimild vegna búsetuúrræða til áramóta að fjárhæð eitt hundrað milljónir króna. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að leggja fram viðauka varðandi kostnað við búsetuúrræði tímabilið september og október 2024 að fjárhæð 48 milljónir króna til viðbótar við

áður samþykktan viðauka með fjárheimild að fjárhæð 30 milljónir króna.

Bæjarráð fól á fundinum bæjarstjóra að halda áfram viðræðum við ráðuneyti og aðra aðila máls hjá ríkinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þrýsta á að komið verði á þjónustuúrræðum fyrir viðkomandi börn.

Bæjarráð ítrekar að úrræðaleysi í málaflöknum sé að valda gríðarlegum útgjöldum hjá sveitarfélögum, sem neyðast til að kaupa kostnaðarsöm einkarekin búsetuúrræði. Vegna úrræðaleysis neyðast sveitarfélög þannig til að taka á sig þungar fjárhagslegar byrðar án þess að hafa rekstrarlegar forsendur til að standa undir þeim. Vegna þessa ástands fá viðkomandi einstaklingar ekki nauðsynleg og viðeigandi þjónustuúrræði, segir í afgreiðslu bæjarráðs.

Elsta íbúðarhúsið gefið Minja- og sögufélagi Vatnsleysustrandar

Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar fékk nýverið að gjöf íbúðarhúsið að Ásláksstöðum frá eigendum Ásláksstaða en húsið er elsta hús sveitarfélagsins, byggt á árunum 1883-1884 og er fríðað.

Félagið hefur í hyggju að endurbyggja húsið til upprunalegs horfs. Gjöfin er háð þeim skilyrðum að húsið verði flutt brott. Styrkja þarf húsið og endurbyggja að hluta á staðnum áður en það verður flutt.

Félagið óskar eftir því í erindi til skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Voga að vel verði tekið í væntanlegt erindi félagsins um að húsið verði flutt brott og því



Í október árið 2017 urðu útihús við Ásláksstaði eldi að bráð. Þá var meðfylgjandi mynd tekin. VF/Hilmar Bragi

fundinn nýr staður. Í þeim efnum hefur verið horft til minjareits félagsins að Kálfatjörn. Beiðni um flutning á nýjan stað verður send nefndinni þegar undirbúningsvinnu er lokið.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er sú að nefndin gerir ekki athugasemdir við áform félagsins um endurbyggingu og flutning íbúðarhússins að Ásláksstöðum á nýjan stað og fagnar því að félagið skuli sýna elsta íbúðarhúsi sveitarfélagsins áhuga. Byggingarfulltrúa er falið endanleg afgreiðsla málsins að undangenginni umsókn Minjastofnunar Íslands.

Allt hreint
Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Enn betri kjör með appinu!



Ef þú notar appið þegar þú kaupir vörur á tilboði með rauðum stimpli færðu 10% aukaafslátt í formi inneignar.

Tilboð gilda 10.–13. október

KJÖTSEL

20%

Hamborgarhryggur
1.279 kr/kg
1.599 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

nettó

25%

Kjúklingalæri
Kjúklingalæri, úrbeinuð í saffranmarineringu
1.814 kr/kg
2.419 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

30%

Pink Lady epli, 4 stk.
419 kr/pk
599 kr/pk

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

nettó

20%

Nautgripahakk
Nautgripahakk, 2x250 g
943 kr/pk
1.179 kr/pk

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

nettó

30%

Bjúgu, 6 stk.
979 kr/pk
1.399 kr/pk

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

Heilsuvara vikunnar

25%

Bætiefni fyrir konur á breytingaskeiði

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

20%

Grasker
367 kr/kg
459 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

Ert þú meðal þeirra 80.000 appnotenda sem fá lægsta verðið í Nettó með appinu?



Afsláttur í formi inneignar í appinu!

nettó

Tilboð gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Séð yfir Bárúklöpp og nágrenni í Gardinum. VF/Hilmar Bragi

Garður stækkar og íbúum fjölgar með Grindvíkingum

„Kaupendurnir koma inn í húsið og allt er tilbúið, þau geta þess vegna strax látið renna í pottinn,“ segir smiðurinn Bragi Guðmundsson í Gardi en hann afhenti fjórar nýjar íbúðir í síðustu viku að Bárúklöpp í Gardi og voru Grindvíkingar þrír af kaupendunum. Fleiri íbúðir í götunni eru langt komnar og svo verða reist fjögur einbýlishús á Brimklöpp.

Bragi hefur næg verkefni í Suðurnesjabæ, er nýbúinn að reisa leikskóla í Sandgerði og hefur byggt öll hús í þessari götu, Bárúklöpp og nokkur hús þar eru langt komin.

„Ég hef næg verkefni hér í Gardi og Sandgerði og svo sinni ég viðhaldi fyrir Suðurnesjabæ og útgerðirnar, bæði í Gardi og Sandgerði. Svo hef ég farið í verkefni út á Reykjanes fyrir hitaveituna og þá með bræðrum mínum, Magnúsi í Grindinni í Grindavík og Kalla heitnum. Annars hef ég nóg fyrir stafni hér, þarf ekki að leita út fyrir bæjarmörkin, ég kláraði leikskólann í Sandgerði í ágúst og setti svo allt í gang hér. Ég tek ekki nema brotabrot af þeim verkefnum sem ég er beðinn um. Þegar þessu

lýkur hér á Bárúklöppinni færum við okkur yfir í næstu götu, Brimklöpp og reisum þar fjögur einbýlishús.

Mér líkar best að gera þetta svona, hanna húsinn frá grunni og vera engum háður, það er enginn að böggast í manni og maður stýrir för frá a til ö. Kaupendur gátu ráðið lit á eldhúsinnréttingu og einhverju í frágangi en annars var þetta allt frágengið þegar íbúðirnar voru seldar. Kaupendur höfðu val um tvö eða þrjú svefnherbergi og ein íbúðanna er með þremur. Allt er tilbúið þegar flutt er inn, þess vegna hægt að fara strax í pottinn.

Við settum aukinn kraft í þetta þegar við sáum hvernig ástætt var fyrir Grindvíkingum og ég á von

að íbúðirnar hér á Bárúklöppinni sem eru í smíðum muni líka enda hjá Grindvíkingum, hver veit nema einbýlishúsin á Brimklöppinni verði líka Grindvíkinga, það yrði hið besta mál enda sómafólk sem kemur frá Grindavík.

Þetta er það sem koma skal, að byggð risi á milli Garðs og Sandgerðis, Sandgerðingarnir voru búnir að skipuleggja í hinum endanum fyrir sameiningu og urðu eðlilega að klára það en svo munu þeir byggja í áttina til okkar. Ég held því miður að ennþá eigi að reisa gervigrasvöllinn í Sandgerði, ég vona að þeirri ákvörðun verði snúið og völlurinn risi milli bæjanna, það er eina vitið ef þetta á að verða sameiningartákn,“ sagði Bragi að lokum.

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is

Himinlifandi á nýjum stað

Guðbjörg Sigurðardóttir, ekkja Ellerts Eiríkissonar, fyrrum bæjarstjóra í Gardi og Reykjanesbæ, er ein nýbúanna á Bárúklöppinni.

„Ég er að koma úr stóru húsi í Reykjanesbæ og vildi minnka við mig. Fasteignasalinn sagðist ekki hafa neitt fyrir mig en svo sá Guðbjörg Ósk, dóttir mín þetta

hér í Gardi og ég stökk á þetta og er himinlifandi. Það er æðislegt að geta flutt inn og allt er tilbúið, ég valdi að hafa ljósa innréttingu og svo gat ég líka haft steypa vegg úti í garði, ég er með hund og hann getur spókað sig úti í garði og ég verði róleg. Ætli ég láti ekki bara renna í pottinn í kvöld,“ sagði Guðbjörg lokum



Mæðgurnar Guðbjörg Sigurðardóttir og Guðbjörg Ósk Ellertsdóttir í nýja húsinu.



Bragi Guðmundsson á milli sona sinna, Sveinbjörns til vinstri og Péturs til hægri, ásamt nýjum íbúunum í Bárúklöpp. VF/Sigurbjörn.

Tvö þúsund hafa flutt lögheimili frá Grindavík

Íbúum Grindavíkurbæjar hefur fækkað um 2.044 á tímabilinu frá 1. desember 2023 til, 1. október 2024 eða um 54,9%. Þetta kemur fram í samantekt Þjóðskrár um fjölda íbúa eftir sveitarfélögum þann 1. október.

Íbúum Suðurnesja fækkar um 2,3% á tímabilinu eða um 741 íbúa. Þeir voru samtals 31.872 þann 1. október. Þrátt fyrir fjölgun í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Vogum er fækkunin

út af Grindvíkingum sem hafa flutt til annars sveitarfélaga.

Íbúar Reykjanesbæjar voru 24.201 og hefur fjölgað um 910 á tímabilinu. Fjölgunin er upp á 3,9%.

Íbúar Suðurnesjabæjar voru 4.207 þann 1. október. Þeim hefur fjölgað um 171 á tímabilinu eða 4,2%.

Íbúar Sveitarfélagsins Voga voru 1.788 þann 1. október og hefur fjölgað um 222 eða 14,2% á tímabilinu.

VALHÖLL
FASTEIGNASALA



Fullbúin geymslubil

- Sér inntök
- Gólfhlötur 41m²
- Milliloft 16m²
- Gólfhiti
- WC og lítil innrétting (kaffi)
- Afhending í nóv - des 2024

Aðstoðarmaður
fasteignasala

Gylfi Þór
770 4040

Löggiltur fasteignasali

Snorri Björn
699 4407

260 Reykjanesbær

NJARÐARBRAUT 5
24.900.000 Kr.

Bilin verða til sýnis laugardaginn 12. okt frá kl. 14:00 - 15:00 - Sjá nánar á valholl.is



- Aðeins 1 eign óseld
- Tilbúið til afhendingar
- Möguleiki á dreifingu á 10% kaupverði í allt að 2 ár vaxtalaust

Aðstoðarmaður
fasteignasala

Gylfi Þór
770 4040

Löggiltur fasteignasali

Óskar H.
691 1931

190 Vogar - Vatnsleysuströnd

STAÐARBORG 22-26
84.900.000 Kr.

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



S A G A L L E R H Ö S T Æ B V
 A F B T S A S F U L N A E E Ö
 G É J Ö G L A Ð E M T I K N R
 A M Ú A Ð U R F A G N A N D T
 R U M Ó R E A G J A U T Ú I U
 A Ð F G B A U T G S A Ð A R R
 S Ó S R V M Æ R P G T R U L Ð
 S R A U S A I M A R R A R I F
 E G L T Ó N É Ð Æ Ö I S J R Æ
 R M G O D F A R A L E T Ð Æ H
 P E A R S L S L S R L I E F R
 A B D H H G P É D J A I S D U
 F T N F Æ U A R G E H G F L K
 A Ó A T K P K Æ E S E S O E E
 S R G S G R O G P H Ó H A T R

- | | |
|------------|------------|
| REFILL | RÓMUR |
| SKUPLA | SAFAPRESSA |
| LEIRTAU | HRELLA |
| RAFHLAÐA | TOGAR |
| SMUGA | MARRAR |
| BEINAGRIND | HROTUR |
| FJARA | HER |
| ELDFÆRI | VÖRTUR |
| SLEFA | BENDIR |
| ANDAGLAS | MEDAL |

Gangi þér vel!



Ragnheiður Elín Árnadóttir er í essinu sínu hjá OECD í París. Er að upplifa drauminn og segir Ísland með sterka ímynd í útlöndum. Tuttugu ár í pólitíkinni góð reynsla. Víkurfréttir heimsóttu Rögggu til París og spurðu hana út í draumastarfið hjá OECD, kynni hennar af Spánarkonuungi og hvernig það hafi verið að missa ráðherrastarf eftir prófkjör.



ÞÁTTURINN ER Á VF.IS OG YOUTUBE-SÍÐU VF

Spánarkonungur tjúttaði í afmæli Rögggu

Sjómenn og útgerðaraðilar frá Suðurnesjum getið verið mjög sáttir

Septembarmánuður liðinn og mér sýnist að sjómenn og útgerðaraðilar frá Suðurnesjum getið verið mjög sáttir við þennan mánuð sem var fyrsti mánuðurinn á fiskveiðiárinu.

Afli bátanna var mjög góður og tveir stóru línubátarnir sem eftir eru héðan veiddu vægast sagt ansi vel. Sighvatur GK var með 662 tonn í fimm löndunum og mest 162 tonn í löndun og Páll Jónsson GK var ekki langt þar á eftir með 624 tonn í sex löndunum og mest 149 tonn.

Töluvert flakk var á bátunum því þeir lönduðu á Skagaströnd, Neskaupstað, Djúpavogi og Grundarfirði – og nokkuð merkilegt er að allur aflinn var vigtaður á fiskmarkaði. Líklega þá ekki unnin í húsnæði Vísis í Grindavík.

Hólmgímur á ekki neinn bát í útgerð en hann var engu að síður með fimm minni netabáta á veiðum fyrir sig í september. Adda Afa GK, Svölu Dís KE, Sunnu Líf GK, Neista HU og Hraunsvík. Samtals veiddu þessir fimm bátar 174 tonn í september og var öllum aflanum landað í Keflavík. Hæstur var Addi Afi GK með 48 tonn í 21 róðrum og mest 4,4 tonn í löndun. Svala Dís KE var með 45 tonn í átján róðrum og mest 3,7 tonn í löndun, Sunna Líf GK 38 tonn í sextán róðrum og mest 4,9 tonn í löndun, Neisti HU 24 tonn í sextán róðrum og Hraunsvík GK 19 tonn í sjö róðrum.



Margrét GK sem var á Hólmavík allan september hætti veiðum þar undir lok mánaðarinnar og kom suður til Sandgerðis, Margrét GK hefur byrjað róðra þaðan núna í október. Hulda GK er þar líka á veiðum. Dúddi Gísli GK sem var í Sandgerði er kominn til Grindavíkur.

Ef við lítum á nokkra línubáta þá var Óli á Stað GK með 171 tonn í tuttugu róðrum og mest 12,5 tonn í róðri, Fjölur GK með 136 tonn í fjórtán róðrum (hann er fyrir austan), Margrét GK með 124 tonn í átján róðrum, Hópnes GK 118 tonn í níttján róðrum, Geirfugl GK 88 tonn í fjórtán róðrum og Gísli Súrsson GK 84 tonn í níu róðrum.

Reyndar þá réru Einhamarsbátarnir mjög lítið í september, sem kemur nokkuð á óvart. Til dæmis fór Vesteinn GK einungis í sex

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
gisli@aflafrettir.is



róðra og Gísli Súrsson GK aðeins í níu róðra.

Dragnótabátarnir veiddu líka vel og var Siggí Bjarna GK hæstur af bátunum frá Suðurnesjum með 237 tonn í sauttján róðrum og mest 25 tonn í löndun. Báturinn var fimmti hæsti dragnótabáturinn á landinu. Benni Sæm GK 175 tonn í sextán róðrum og Maggý VE 116 tonn í tólf róðrum. Allir lönduðu í Sandgerði.

Sigurfari GK hefur ekki hafið veiðar en hann var í slipp og er reyndar kominn á flot svo það stýttist í að báturinn hefji veiðar. Hann mun reyndar ekki veiða inn í Faxaflóanum því hann er of langur.

SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bílaveiðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrn umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Takk fyrir



European Geoparks Conference 2024

Í síðustu viku, 2.-4. október, fór fram 17. alþjóðlega ráðstefna evrópskra jarðvanga.

Um 400 gestir frá 30 löndum og yfir 90 jarðvöngum sóttu ráðstefnuna, með um 240 erindum og vinnustofum. Ráðstefnan stóð yfir í 2 daga í Hljómahöll og endaði með ferðum um Reykjanesið með yfir 300 þátttakendum.

Ráðstefnan heppnaðist með eindæmum vel og voru ráðstefnugestir afar ánægðir með umgjörð, þjónustu og móttökur. Við viljum þakka öllum sem komu að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar, ferðaþjónustuaðilum og samfélaginu á Reykjanesi fyrir góðar móttökur. Kærar þakkir til stuðningsaðila og fyrirtækja sem komu að verkefninu. Sérstakar þakkir til starfsmanna þeirra sem sýndu ómælda þjónustulund og sveigjanleika í verkefnum sem upp komu.

- Hljómahöll
- Hjá Höllu
- Soho
- Duus Safnahús
- Kvikán
- Papas pizza
- Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar
- Víkingaheimar
- Byggðasafnið á Garðskaga
- Þekkingarsetur Suðurnesja
- Kaffi Gola
- Vitavörðurinn Reykjanesvita
- Gerðaskóli
- Stapaskóli
- Stóru-Vogaskóli
- Almannaþingur
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
- Sýningarkerfi
- Geocamp Iceland
- HS Orka
- ISAVIA
- Lava show
- Urta Islandica
- Litla Brugg húsið
- Brons
- Bus4u
- Laugarás
- Héraðstubbur bakari
- Þarasmakk með Eydísi
- Rúgbrauðsmakk með Nanný og Þóreyju
- Katla jarðvangur
- Leiðsögufólkið okkar í kynnisferðunum
- Veðurstofan
- Hollvínasamtök Reykjanesvita og nágrennis
- Tónlistarskóli Reykjanesbæjar
- M⁷⁴ Studio — Grafísk hönnunarstofa
- Iceland ráðstefnur
- Samskipti
- Margt smátt
- Markaðsstofa Reykjanes
- Bláa lónið
- Þrío
- Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Reykjanesbær
- Grindavíkurbær
- Suðurnesjabær
- Sveitarfélagið Vogar
- Menningar- og viðskiptaráðuneytið
- Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið
- Jazzband Guðjóns Steins
- Courtyard by Marriott
- Park Inn by Radisson
- Blue Car rental
- Northbound
- Konvin Hotel
- Hótel Keflavík
- Hótel Berg
- Gagarin

Kærar þakkir fyrir ykkar
ómetanlega stuðning,
Reykjanes jarðvangur





„Þetta er ákveðið púsluspil“

Hjónin Rúnar Ingi Erlingsson, körfuknattleikspjálari, og Natasha Anasi-Erlingsson, landsliðskona í knattspyrnu, kynntust árið 2016 en upphaf þeirra kynna voru frekar óhefðbundin. Þau byrjuðu að spjalla saman á stefnumótaforriti og ákváðu eftir stutt kynni að hittast í raunheimum og eftir það var ekki aftur snúið. Í dag eru þau hamingjusamlega gift og hafa stofnað til fallettrar fjölskyldu með börnum sínum Harper Eyju og Óliver Daða.

VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Víkurfrettir hittu Rúnar, Natöshu og Harper Eyju á heimili þeirra í Keflavík og spjölluðu við þau um annasamt líf íþróttafjölskyldunnar.

Skoraði í Meistarakeppni Evrópu

Það er mikið að gera hjá ykkur; Rúnar, þú ert tekinn við meistaraflökki karla í körfubolta hjá Njarðvík og Natasha, þú ert að spila með Val, íslenska landsliðinu og nýkomin heim úr atvinnumennsku – Harper; þú ert að æfa fótbolta, fimleika og ætlar að fara að æfa ...

„... körfubolta,“ svarar Harper að bragði.

Hvar finnið þið tíma fyrir þetta allt saman?

„Þetta er ákveðið púsluspil en við höfum ekki mikinn tíma í önnur hobbý eins og golf eða fara í útilegur eða sumarbústaðaferðir,“ segir Rúnar. „Þetta er svolítið lífið okkar og það sem við erum vön. Þetta hefur reyndar alltaf verið svona og þegar maður er ekki vanur öðru og hefur gaman af þessu, það er lykilafríði – okkur finnst þetta gaman.“

„Það er lykilafríði. Oft þegar við Harper höfum ekkert að gera þá

“Ég held að við höfðum varla tíma til þess að pæla í því hvort þetta var erfitt – vorum eiginlega of upptekin til að taka eftir því ...”

förum við og kíkjum á æfingar hjá Rúnari,“ segir Natasha og skellir upp úr. „Okkur finnst gaman að vera í íþróttum, vera úti í fótbolta eða þau mæta snemma fyrir leikina mína bara til að spjalla við þjálfarana – okkur finnst bara gaman að vera í kringum íþróttir.“

Síðasta árið hefur Natasha verið að spreyta sig í atvinnumennsku hjá Brann í Noregi en á meðan voru Rúnar og Harper hér heima.

„Mér fannst þetta æði. Það var svolítið erfitt fyrst, ég meiddist og ég fékk líka leyfi til að koma heim svo við segjum að þetta hafi ekki verið svo erfitt í byrjun af því að ég var svolítið



Rúnar trúir þessu ekki ...



...fyrir en Íslandsmeistarabikarinn er kominn í hendurnar á honum. VF/ÍPK

mikið heima og ég þurfti mikla hjálp frá Harper, Rúnari og Óliver. Svo þegar ég byrjaði að spila aftur þá var það líka mjög skemmtilegt af því það voru nokkur box sem ég vildi tikka í og ég náði að gera næstum allt sem ég vildi gera.

Það stærsta sem ég náði var að spila í Meistaradeildinni og mér tókst líka að skora í Meistaradeildinni. Svo ég held að það hafi gengið ágætlega úti, ég ætlaði að klára tvö ár en ég held að þetta eina og hálfu hafi verið nóg. Þegar kom að sumarglugganum fannst mér ég vera tilbúin að koma heim og þegar ég fór að spjalla um það við þau [Rúnar og Harper] fannst þeim ekki leiðinlegt að ég væri að koma aftur – og við létum verða af því.“

Natasha sneri því aftur heim og gekk til liðs við Íslandsmeistara

Vals í júlí. „Ég vildi fara í lið sem myndi reyna að spila í Meistaradeildinni og ég sagði við Rúnar að mér litist vel á Val. Ég veit ekki af hverju, ég fékk bara þessa tilfinningu að ég myndi líka passa vel inn í liðið. Svo ég talaði við umboðsmanninn minn sem setti sig í samband við Val og það gekk bara upp.“

Hrotið í beinni

Natasha segir að sér hafi fundist hún ekki fá að spila nógu mikið og það hafi einnig haft áhrif á hennar ákvörðun. „Ég vildi spila meira, ég vissi líka að ég þurfti að spila meira til að komast aðeins meira inn í landsliðið. Þannig að ég vildi koma heim til að fá meiri leiktíma og líka til að vera nærri fjölskyld-

“Ég var ekki tilbúinn að stíga frá körfuboltanum í Njarðvík og fara í að vera bara stuðningsmaður akkúrat á þessum tímamótum ...”

unni. Það var svolítið erfitt að vera ein úti, eins gaman og það var að vera atvinnumaður og geta einbeitt sér að því á hverjum degi, þá var erfitt að koma heim á hverju kvöldi þegar það var enginn til að taka á móti mér.“

„Að vissu leyti var mikið að gera hjá okkur,“ segir Rúnar. „Börnin í sínum skóla og tómstundum og ég auðvitað í fullri vinnu og að hjálfa kvennalið Njarðvíkur í fyrra. Ég held að það hafi verið þetta tíma til þess að pæla í því hvort þetta var erfitt – vorum eiginlega of upptekin til að taka eftir því.“

Dagarnir voru langir og strangir, bara koma heim og baða sig, klára heimalestur og fara svo jafnvel beint að sofa – svo byrjaði þetta bara upp á nýtt.

Maður fann kannski einhverjar mínútur, stundum upp í einhverja klukkutíma, þar sem tæknin hjálpar og maður gat verið á Face-time. Síminn á náttborðinu og áður en maður vissi af var maður farinn að hrjóta í beinni til Noregs. Við látum verkefni ganga upp, hvort sem það var að búa í sitt-hvoru landinu eða tækla þau verkefni sem eru hér heima.“



Natasha og félagar í Brann fagna sigurmarki hennar gegn St. Pölten frá Austurríki í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.



Natasha með Harper Eyju þegar hún varð bikarmeistari með Val í sumar.



Óliver Daði varð stuðningsmaður ÍBV þegar Natasha spilaði í Eyjum.

“
Hún var tilbúin að taka séns á mér og setjast að á Íslandi - og núna eigum við þessa fallegu sjö ára stelpu og þetta fína heimili ...
”

Nýtt upphaf hjá körfuknattleiksdeildinni

Rúnar hefur þjálfað meistaraflokk kvenna hjá Njarðvík síðustu sex ár og náð góðum árangri með liðið á þeim tíma, m.a. fór hann alla leið og gerði liðið að Íslandsmeisturum árið 2022.

„Ég var fyrst í tvö ár sem aðstoðarþjálfari með frænda mínum, Ragnari Ragnarsyni, síðan fjögur ár sem aðalþjálfari. Sex ár er langur tími í íþróttum og fyrir þjálfara en samt alveg ótrúlega skemmtilegur tími. Tími sem hefur mótað mig að vissu leyti sem þjálfara, ég var tiltölulega nýkominn inn í þetta þegar ég fer að vinna með kvennaliðinu. Þetta búinn að vera ótrúlega skemmtilegur tími enda geggjáðar körfuboltastelpur í Njarðvík - og ég held að við séum búin að ýta menningunni upp og koma okkar kröfum á framfæri. Það voru töluvert fleiri atriði sem maður var að lenda í þarna fyrst, þegar það var verið að búa til standarda og venjur. Hlutirnir þurfa að vera á háu stigi, hvort sem það eru karlar eða konur. Það er líka búin að vera góð stjórn sem hefur viljað setja markið þangað.“

Rúnar segir að ef honum hefði ekki boðist að taka við karlaliði Njarðvíkur hefði hann sennilega tekið sér frí frá þjálfun. „Mögulega til að hafa aðeins minna að gera og geta kannski farið einhvern tímamótum í frí með fjölskyldunni en þegar tækifærið kemur til að taka við strákunum þá varð ég auðvitað spenntur að takast á við nýja áskorun - en líka þessir spennandi nýju tímar í Njarðvíkunum, að



fara í nýtt íþróttahús og taka þátt í þeirri breytingu og ákveðnu nýju upphafi hjá körfuknattleiksdeildinni. Ég var ekki tilbúinn að stíga frá körfuboltanum í Njarðvík og fara í að vera bara stuðningsmaður akkúrat á þessum tímamótum, mig langaði til þess að taka þátt í því. Þannig að ég gerði tveggja ára samning og er spenntur að sanna mig á nýjum vettvangi.“

Ákvarðanir sem önnur pör þurfa ekki að taka

Natasha, sem gekk til liðs við ÍBV árið 2014, segist hafa orðið vör miklar framfarir í kvennaíþróttum á þessum tíu árum sem hún hefur búið á Íslandi.

Ef við snúum okkur aðeins aftur í tímann, hvernig kynntust þið?

„Það var í febrúar 2016, þá er ég að „svæpa“ á Tinder og sé myndir af þessari fallegu konu,“ segir Rúnar og Natasha hlær. „Ég viðurkenni



Brúðkaupsdagurinn 2. október 2018 (sem er líka afmælisdagur Natöshu). „Við eigum ennþá eftir að halda brúðkaupsparatyveislu,“ segja hjónin.



Íþróttafjölskyldan á ferðalagi: Óliver Daði, Harper Eyja, Natasha og Rúnar Ingi.

þá spurði hún mig hvort ég vissi hvað Duke University væri. Ég sagði henni að við hérna á Suðurnesjum, sérstaklega ef þú ert eitthvað tengdur körfuboltanum, erum meðvituð um margt sem tengist bandarískri menningu og íþróttameningu. Þannig að ég bauð henni að koma og horfa á Duke - og hún tók Herjólf í skítaveðri og kom sér í bæinn. Ég sótti hana þangað og hér erum við í dag - og ég nánast flutti til Vestmannaeyja þetta sumarið, var þar í öllum vaktatríum.“

Rúnar segir að þetta sumar hafi hann mætt á alla leiki sem hann gat mætt á. „Sama hvort það var að keyra á Akureyri og horfa á undanúrslit í bikar eða eitthvað annað. Ég hef bara gaman að þessu og vil styðja við hana eins og hún vil mig.“

Það var svo í lok þess sumars að Rúnar og Natasha stóðu frammi fyrir ákvörðun sem önnur pör þurfa alla jafna ekki að taka eftir einungis sex mánaða samband.

„Við vorum búin að vera saman í hálf tveimur árum en hennar samningur var að enda og hún kannski með plön um að fara aftur til Ameríku og ekkert endilega að koma aftur til Íslands. Við stöndum þá á ákveðnum tímamótum og þurfum að taka stærri ákvörðun en önnur pör þurfa endilega að taka. Hún var tilbúin að taka séns á mér og setjast að á Íslandi - og núna eigum við þessa fallegu sjö ára stelpu og þetta fína heimili og erum bara búin að koma okkur vel fyrir,“ segir Rúnar en lengri útgáfa viðtalsins birtist í Sjónvarpi Víkurfréttu og á YouTube-rás Víkurfréttu síðar í vikunni.



Rúnar, Natasha og Harper Eyja í viðtali við Sjónvarp Víkurfréttu. VF/JP

MÁR
& The Royal Northern College of Music Session Orchestra

20. nóvember kl 20:00 - Salurinn Kópavogi
21. nóvember kl 20:00 - Hljómahöll Reykjanæsbæ

Midasala á tix.is

Grindavíkurnefndin tekur ákvörðun um opnun Grindavíkur



„Þetta var mjög erfiður fundur hér í dag með atvinnurekendum í Grindavík,“ sagði Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra, að loknum fundi með grindvískum atvinnurekendum í síðustu viku. Kjördæmavika var í gangi og þess vegna komu nokkrir af þingmönnum kjördæmisins til Grindavíkur. Guðrún og Sigurður Ingi Jóhannsson, fjármálaráðherra, ræddu svo við atvinnurekendum og var greinilegt að fundurinn fékk á Guðrúnu.

GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



„Þetta var mjög erfiður fundur hér í dag, það er kjördæmavika í gangi og þessi fundur var settur á með stuttum fyrirvara. Sérstaklega finnst mér erfið að heyra að 200 Grindvíkingar séu enn á vengangi, það er eitthvað sem verður að laga strax í gær! Ég fékk strax á tilfinninguna að fólk vildi ræða við fulltrúa ríkisstjórnarinnar, mig og Sigurð Inga fjármálaráðherra. Þetta var erfiður fundur en hann var líka góður, ég trúir alltaf á samtalið. Ég veit að fólk finnst eins og við séum ekki að hlusta en við erum að hlusta. Þetta er mjög flókið verkefni í Grindavík, við höfum aldrei staðið frammi fyrir annarri eins stöðu og við verðum að vanda mjög til verka. Við ræddum fordæmi mikið á þessum fundi, það hefur aldrei verið farið í uppkaup á atvinnuhúsnæði og hér í bæ eru bæði skráð félag á markaði og minni fyrirtæki, í laganna hljóðan er ekki gerður

greinarmunur á fyrirtæki eftir stærð og því er spurning hvar eigi að draga mörkin og það gildir ekki bara í Grindavík heldur alls staðar á Íslandi, það eiga eftir að verða náttúruhamfarir annars staðar á landinu.

Við höfum reist varnargarða við Grindavík og Svartsengi fyrir um tíu milljarða, það eru gífurleg verðmæti í húfi hér í Grindavík og bærinn væri líklega allur kominn undir hraun ef þessir garðar hefðu ekki verið byggðir. Það var sömuleiðis mjög mikilvægt að verja orkuverid í Svartsengi, það eru rúmlega 30 þúsund manns sem reida sig á heita vatnið þaðan. Tíu milljarðar er í rauninni ekki svo há fjárhæð ef við myndum okkur að það þyrfti að kynda öll hús á Suðurnesjum með olíukyndingu, það væri kostnaður upp á rúman milljarð á mánuði.“

Guðrún á auðvelt með að setja sig í spor atvinnurekenda þar sem hún og fjölskylda hennar hafi rekið ísframleiðsluna Kjörís í Hveragerði síðan 1969.

„Ég er búin að missa tölu á þeim skiptum sem ég hef spurt mig hvar ég og fjölskylda mínu værum ef við



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

mættum ekki koma inn í Hveragerði og stunda okkar atvinnurekstur, ef húsnæðið væri í lagi en við mættum ekki koma þar inn. Það væri ömurlega staða að vera í en Grindavík er og hefur verið eitt öflugasta sveitarfélag landsins og það er ótrúlegur kraftur í fólkinu hér, ég er oft orðlaus yfir æðrulleysi Grindvíkinga, það er ótrúlega öflugt fólk sem býr hér og ég veit að Grindavík á eftir að byggjast upp á ný. Hún verður öðruvísi en við munum finna leiðir svo Grindavík

blómstri á ný. Það má gagnrýna að við höfum ekki fundið húsnæði fyrir þau fjölmörgu fyrirtæki sem vildu halda sinni starfsemi áfram og ég bind vonir við að Grindavíkurnefndin komi með góðar tillögur þar af lútandi á næstunni,“ segir Guðrún.

Grindavíkurnefndin ræður opnun

Það hafa verið ýmsar sögur í gangi um hver ráði því hvort lokunar-

Að ofan: Fyrirtækjaeigendur í Grindavík fjölmenntu á fundinum með ráðherrunum úr Suðurlanddæmi. Til vinstri: Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra, ræðir við fundargesti.

póstar verði aflagðir og Grindavík opni.

„Það er framkvæmdanefndin sem tekur ákvörðun í samráði við lögreglustjórn á Suðurnesjum, um hvort og hvenær Grindavík opni. Þetta vald færðist af almannavörnum yfir á Grindavíkurnefndina 1. júní. Gunnar Einarsson sem er í nefndinni, fór vel yfir þetta á fundinum áðan, framkvæmdir við lagfæringar á götum bæjarins eru langt komnar og Grindavíkurnefndin mun í kjölfarið óska eftir að lokunarpóstar verði aflagðir og bærinn opnaður.

Ég vil segja í lokin að við erum alltaf að læra betur og betur á þetta, við erum komin með meiri reynslu og það hjálpar okkur í allri ákvarðanatöku. Búast má við næsta atburði í desember og þegar liður nær honum þá lokum við en getum vonandi opnað fljótt aftur. Þegar bærinn opnar þá munu mörg fyrirtæki eiga möguleika á að lifa áfram en sum ekki. Það kom fram á fundinum að þetta eru 144 fyrirtæki hér í bæ, mörg þeirra lítil og meðalstór en 95% fyrirtækja á Íslandi eru af þeirri stærðargráðu, af því að við vorum að tala um fordæmi áðan,“ sagði Guðrún að lokum.



Sænskur karlakór kemur fram með Karlakór Keflavíkur



Einstakur tónlistarviðburður í Ytri-Njarðvíkurkirkju

Þann 11. október nk. mun fara fram einstakur tónlistarviðburður í Ytri-Njarðvíkurkirkju, þar sem Karlakór Stokkhólms (Stockholms Manskór) og Karlakór Keflavíkur sameinast í söng. Það verða fyrstu tónleikar Svíanna hér á landi því síðan verða tónleikar með Karlakórnum Fóstbræðrum í Langholtskirkju 12. október kl. 17:00 og með Karlakór Selfoss í Skálholtskirkju 13. október kl. 16:00.

Margir meðlimir Karlkórs Stokkhólms hófu sinn söngferil í hinum þekktu kór Orphei Drängar frá háskólanum í Uppsölum. Þegar þeim þroska var náð að vera ekki lengur gjaldgengir í Orphei drengjunum hittist hluti af söngvurunum aftur í Karlakór Stokkhólms ásamt fleiri reyndum söngvurum sem höfðu bakgrunn í t.d. sænska útvarpskórnum og óperunum í

Gautaborg og Stokkhólmi og var aðalaðráttaraflid að fá að syngja undir stjórn Hákan Sund sem er einn fjölhæfasti tónlistarmaður Svíþjóðar. Árið 2012 urðu þáttaskil í starfsemi kórsins. Í október það ár söng kórinn í fyrsta skipti utan Svíþjóðar, nánar tiltekið á Frönsku Rivierunni í boði Sænska Riviera klúbbsins. Við þetta tækifæri varð afþreyingarhugtakið

„Dîner Spectacle“ til sem hefur verið þróað og finpússað í endurteknum heimsóknum kórsins til Frönsku og Ítölsku Rivierunnar og í heimsóknum kórsins til annara landa eins og t.d. Kanada, Bandaríkjanna, Eistlands, Baskalandanna, Noregs og til stórborganna London og París.

Á efnisskrá Karlkórs Stokkhólms eru verk eftir Norræn tónskáld eins og Edvard Grieg, Hugo Alfvén og Jean Sibelius. Einnig verk Franskra tónskálda og má nefna Camille Saint-Saëns, Darius Milhaud og Francis Paulenc sem dæmi. Til að slá á léttari strengi hefur kórinn flutt lög eins og

Bridge over troubled water, Fever og ABBA lög sem hinn hæfileikaríki stjórnandi þeirra Hákan Sund hefur að mestu leyti séð um að útsetja. Kórmeðlimir hlakka mikið til að syngja á Íslandi á alvöru tónleikum með þessum ágætu Íslensku kórnum þar sem einu skiptin sem sumir þeirra hafa sungið hendlis hingað til var þegar þeir voru á leið til og frá Bandaríkjunum 1970 og 1974 og tóku lagið þegar millilent var á Keflavíkflugvelli og vakti það mikla ánægju samferðarmanna þeirra.

Karlakór Keflavíkur er Suðurnesjamönnum að góðu kunnur enda hefur kórinn árlega haldið

bæði jólatónleika og vortónleika. Efnisskrá Karlkórs Keflavíkur hefur alltaf verið fjölbreytt þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi, hvort sem um er að ræða klassík eða léttari lög. Síðasta haust hélt kórinn upp á 70 ára afmæli sitt og það er ánægjulegt fyrir kórinn að fá að syngja með hinum stórgóða Karlakór Stokkhólms nú í haust. Stjórnandi Karlkórs Keflavíkur er Jóhann Smári Sævarsson okkar vel þekkti óperusöngvari og undirleikari er hinn fjölhæfi tónlistarmaður Sævar Helgi Jóhannsson.



Alla leið á öruggari dekkjum

Bókaðu tíma
í dekkjaskipti
í N1 appinu



Skannaðu kóðann
og náðu í N1 appið



Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu Michelin.
Aukið grip í hálfu, snjó og slabbi.
Endingargott grip út líftímann.
Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður.
Allir bestu eiginleikarnir – Michelin Total Performance.



Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálfu, hvort sem dekkinn eru ný eða ekin 10.000 km.
Betri akstureiginleikar í samanburði við helstu samkeppnisaðila.
Hámarksgríp með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð.
Einstök ending.
Lágmarks hljóðmengun.



Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því sem dekkið slitnar.
Endingargott grip út líftímann.
Lagskipt gúmmiblanda sem veitir hámarksgríp.

Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440 1318	Langatanga Mosfellsbæ	440 1378
Fellsmúla	440 1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440 1374
Réttarhálsi	440 1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440 1372
Ægisíðu	440 1320	Dalbraut Akranesi	440 1394
Klettagörðum	440 1365	Réttarhvammi Akureyri	440 1433





Bæjarstjórar og fulltrúar HS Veitna skálum fyrir varavatsnbóli fyrir neysluvatn við Árnarétt í Garði í Suðurnesjabæ í upphafi árs.

Það er gott vatn í Suðurnesjabæ

Bestu þakkir fyrir góð viðbrögð við pistli mínum „Sandgerði, fallega Sandgerði“ í Víkurfréttum 25. september sl. Ekki voru allir sammála mér um að Sandgerði væri fallegasti bær á Íslandi, enda hefur hver sinn smekk. Hafi ég rangt fyrir mér, þá er ég viss um að með samstilltu átaki á ýmsum sviðum og frumkvæði bæjaryfirvalda ætti Suðurnesjabær góða möguleika til að vinna feegurðar- og umhverfissamkeppni bæjarfélaga innan fárra ára. Vonandi er um hverfisfulltrúi bæjarins sammála mér um þetta. Kannski meira um það síðar.

Ég fékk líka þakkir fyrir spurningar til stjórnenda bæjarins og svör við þeim. Mörgum var brugðið þegar álagning fasteignagjalda fyrir árið 2024 lá fyrir, en fyrir marga var hækkunin milli ára þá mjög veruleg og íþyngjandi. Vonandi mun bæjarstjórn sýna meiri mildi þegar álagning fyrir árið 2025 verður ákveðin. Að þessu sinni ætla ég að fjalla um innheimtu vatnsskatts í Suðurnesjabæ sem hefur lagst misþungt á bæjarbúa eftir búsetu. Ég sendi stjórnendum bæjarins spurningar um málið.

Spurningar vegna álagningar og innheimtu vatnsskatts.

Fyrir liggur að fasteignaeigendur í Garði greiða um það bil helmingi lægri vatnsskatt en fasteignaeigendur í Sandgerði. Skýringin er sú að HS Veitur eiga vatnsveituna í Garði og rukka fasteignaeigendur þar samkvæmt gjaldskrá, en bærinn á vatnsveituna í Sandgerði og kaupir vatn af HS veitum við dælustöð og selur til fasteignaeigenda í Sandgerði sem hlutfall af fasteignamat, óháð notkunarmagni. Þannig hefur þetta verið frá sameiningunni 2018 og ljóst að eigendum fasteigna í bæjarfélaginu er mismunad. Þetta er í andstöðu við gefin fyrirheit fyrir sameiningu eins og lesa má á upplýsingasiðu vegna kosninga um sameiningu Sandgerðis og Garðs.

Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Ef þetta fyrirkomulag er eins og lýst er hér að framan, hvers vegna hefur þetta ekki verið lagað og samræmt á milli byggðakjarnanna í þau um sex ár sem liðin eru frá sameiningu Sandgerðis og Garðs árið 2018?

2. Liggur fyrir lögfræðialit um hvort heimilt sé að mismuna bæjarbúum eins og gert er í þessu máli?

3. Er miklu dýrara fyrir Suðurnesjabæ að reka eigin vatnsveitu í Sandgerði, en fyrir HS Veitur hf. að reka vatnsveituna í Garði? Ef svo er, í hverju liggur sá munur?



4. Með vísan til þeirra upplýsinga og fyrirheita sem gefin voru í aðdraganda sameiningar Sandgerðis og Garðs um að óheimilt sé að mismuna íbúum varðandi innheimtu gjalda og skatta, vil ég spyrja, hvenær fasteignaeigendur í Sandgerði geta átt von á endurgreiðslu vegna oftekens vatnsskatts síðastliðin sex ár?

Svar frá bænum var eftirfarandi:

Ein og sama gjaldskrá Suðurnesjabæjar gildir fyrir alla íbúa bæjarins og í henni felst engin mismunun eftir búsetu íbúanna. Gjaldskrár sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðisbæjar voru samræmdar strax eftir sameiningu og svo hefur verið síðan. Einn liður í gjaldskránni er vatnsgjald og hún gildir fyrir alla þá sem nýta vatnsveitu bæjarins. Samkvæmt lögum um vatnsveitur ber gjaldskrá að skila tekjum til að standa undir kostnaði við rekstur og fjárfestingar og miðast gjaldskrá vatnsveitunnar við það. Hins vegar er ekki heimilt samkvæmt sömu lögum að reka vatnsveitur með halla, en því miður hefur það verið reyndin með vatnsveitu bæjarins og sem dæmi hefur fallið til mikill kostnaður vegna viðhalds veitunnar undanfarin ár. Eins og réttilega kemur fram hjá fyrirspyrjanda, þá reka HS veitur vatnsveituna í Garði og innheimta vatnsgjald samkvæmt sinni gjaldskrá, en bærinn rekur vatnsveituna í Sandgerði og þannig hefur málum verið háttáð um árabíl. Suðurnesjabær þekkir ekki rekstur HS veitna til þess að svara því til hver sé munur á rekstri og gjaldskrá vatnsveitnanna. Samkvæmt framansögðu eru engar forsendur fyrir því að vatnsveita bæjarins endurgreiði vatnsskatt til íbúa í Sandgerði, enda felst engin mismunun í gjaldskrá Suðurnesjabæjar eftir búsetu íbúanna og því engin rök fyrir því að um oftekinn vatnsskatt sé að ræða. (Vísad var í fréttir á heimasíðu bæjarins um álagningu gjalda)

Athugasemdir sem ég gerði við svar bæjarins:

Ég var ósáttur við þetta svar sem mér fannst að hluta til vera útúr-snúningur þar sem ég hafði ekki gert athugasemdir um að bæjarbúum væri mismunad samkvæmt gjaldskrá bæjarins. Hins vegar er ljóst að bæjarbúum hefur verið mismunad varðandi innheimtu vatnsskatts og ástæðan liggur fyrir.



Í aðdraganda sameiningar sveitarfélaganna kom skýrt fram að óheimilt væri að mismuna íbúum varðandi innheimtu gjalda og skatta. Samt hefur það verið gert ...

Spurning er, af hverju bæjarstjórn hefur látið þetta fyrirkomulag viðgangast. Það kom ekki svar við því. Það kom heldur ekki svar um hvort lögfræðialit liggja fyrir um málið, eða af hverju rekstur vatnsveitu bæjarins er u.þ.b. helmingi dýrari en rekstur vatnsveitu HS veitna sem er hlutfélag með arðsemissjónarmið að leiðarljósi.

Hefur þessi mikli mismunur á rekstrarkostnaði veitnanna verið kannaður? Væri ekki bara eðlilegt að sýna okkur bæjarbúum hvernig rekstrarkostnaður vatnsveitu bæjarins skiptist og er reiknaður? Eru íbúar í eldri hverfum til dæmis að greiða stofnframlög vegna lagna í nýjum hverfum? Forsendur útreikninga skipta máli. Almenn er sveitarfélögum ekki heimilt að innheimta hærri þjónustugjöld en sem nemur kostnaði við þjónustuna. Það á ekki bara við vatnsskatt, heldur öll önnur þjónustugjöld. Skýrt dæmi um brot á þessu til marga ára er rekstur og fjárfestingar hafnarinnar í Sandgerði. Þar hefur bæjarsjóður þurft að brúa bilið til fjölda ára. Í aðdraganda sameiningar sveitarfélaganna kom skýrt fram að óheimilt væri að mismuna íbúum varðandi innheimtu gjalda og skatta. Samt hefur það verið gert. Eins og sjá má í svari bæjarins, er það sjónarmið að engar forsendur séu fyrir endurgreiðslu oftekens vatnsskatts til íbúa í Sandgerði. Spurning hvort einhverjir mundu vilja kanna rétt sinn þar?

Vonandi verður breyting til hins betra.

Ég tel að það sé vilji hjá stjórnendum bæjarins að finna lausn og málið hefur fengið nokkra umræðu. Vonandi þróast málið í þá veru að jafnræði finnst til greiðslu vatnsskatts milli fasteignaeigenda í Garði og Sandgerði áður en fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 liggur fyrir. Eigum við ekki bara að vona það besta.

Bestu kveðjur,

Jón Norðfjörð,
loaognonni@gmail.com

★★★★ NÝBURAR ★★★★★



Drengur fæddist á ljósmæðravakt HSS 1. október.
Pyngd: 3838 gr.
Lengd: 52 sm.
Foreldrar: Guðlaug Anna Jónsdóttir og Jón Ingibjörn Arnarson í Reykjanesbæ.
Ljósmodir: Rebekka Saidy Jóhannsdóttir



Drengur fæddist á ljósmæðravakt HSS 30. september.
Pyngd: 3846 gr.
Lengd: 51 sm.
Foreldrar: Elísabet María Magnúsdóttir og Andri Hrafn Vilhelmsson í Reykjanesbæ.
Ljósmodir: Hugljúf Dan Jensen.

Stúlka fæddist á ljósmæðravakt HSS 6. október.
Pyngd: 4462 gr.
Lengd: 53 cm.
Foreldrar eru Hildigunnur Gísladóttir og Páll Sólberg Eggertsson í Reykjanesbæ.
Ljósmodir: Ingibjörg Finndís Sigurðardóttir.



Upphaf skólaárs, jöfn tækifæri fyrir nemendur

Nú þegar haustið gengur í garð og skólarnir byrja fara námsmenn að efla sína þekkingu eftir fjölbreyttum námsleiðum. Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FS) eru skráðir um 1.300 nemendur sem þreita allskyns námsbrautir og eru námsleiðirnar fjölbreyttar, í takt við fjölmenningsamfélagið okkar.

Öll eignum við að hafa jafnan aðgang til menntunar, óháð fjárhag heimilisins. Það eru grundvallar mannréttindi í hag okkar allra. Að mörgu er að hyggja þegar unga fólk okkar hefur nám við framhaldsskóla og margt sem þarf að huga að eins og námsgögn sem geta kostað tugi þúsunda. Haustið 2024 hóf Reykjanesbær það merkilega nýja verkefni sem snýr að jöfnunartækifæri nemenda á framhaldsskólastigi. Sveitarfélagið innleiddi námsstyrk til ungmenna á aldrinum 16 til 18 ára sem eiga foreldra á fjárhagsaðstoð. Styrkurinn er tölvustyrkur sem veitir aðgang að jöfnum tækifærum til náms óháð fjárhag heimilisins þar sem þessi ungmenni fá fartölvu sem



námsgagn frá sveitarfélaginu til afnota meðan á námi þeirra stendur. Þessi hugmynd er tilkomin út frá samtali við nemendur FS.

Það ber að fagna góðum hugmyndum sem eru til bóta fyrir alla. Saman getum við gert samfélagið okkar betra með stuðningi við þá sem þurfa mest á því að halda. Þrátt fyrir oft á tíðum erfiða fjárhagsstöðu Reykjanesbæjar og aðhald í rekstri, þá náðum við að koma þessu í farveg og það til framtíðar. Sá styrkleiki sem skiptir hvað mestu máli fyrir börnin okkar og ungmennin, er góð menntun sem getur bætt stöðu þeirra og stuðlað að betra lífsviðurværi.

Velferðarráð vill þakka starfsfólki Reykjanesbæjar og starfsfólki Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir vinnu sem þessa, vinnu sem fjölbreytt heild náði að koma þessum frábæra, mikilvæga tölvustyrk í gagn.

Sigurros Antonsdóttir,
formaður velferðarráðs og
bæjarfulltrúi Reykjanesbæjar.

SKIL Á AÐSENDU EFNI

Greinar og annað aðsent efni sem óskað er að birtist í Víkurfréttum þarf að hafa borist ritstjórn fyrir hádegi mánudags á netfangið vf@vf.is

Eðlilegt útlit brjósta

Alengt að konur fái sér förðunartattoo, segir Birna Lára Þórarinsdóttir, snyrtifræðingur.

„Tattoo-meðferðir eftir krabbameinsaðgerðir og -meðferðir eru að verða algengari og algengari, sérstaklega eftir að Sjúkratryggingar Íslands hófu að endurgreiða hluta kostnaðar við tattoo á geirvörtu og vörtubaug eftir brjóstakrabbameinsaðgerð,“ segir snyrtifræðingurinn Birna Lára Þórarinsdóttir, eigandi snyrtistofunnar Carisma á Hafnargötu. Birna hefur verið lengi í snyrtibransanum, fagnar tuttugu ára útskriftarafmæli í desember og nýlega bætti hún við kunnáttu sína, fyrst með tattoo-um á augabrúnir, augnlok og varir og þar sem hún stóð sig svo vel í því námi, vildi kennarinn að hún bætti við sig geirvörtu- og vörtubaugahúðflúrum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Birna byrjaði á að læra að gera svokölluð förðunartattoo en þau eru að sjálfsgöðu líka fyrir þá sem ganga í gegnum krabbameinsmeðferð með geisla, því algengt er að sjúklingurinn missi allt hár við slíka meðferð.

„Ég lærði að gera förðunartattoo fyrir tveimur árum en þau henta bæði þeim sem vilja bæta útlit sitt en ekki síður þeim sem hafa lent í hárlosi eftir krabbameinsmeðferð. Það er alltaf að verða algengara að karlmenn fái sér líka tattoo á augabrúnir en hér áður fyrr þótti það eflaust ekki mjög karlmannlegt, menn vildu frekar vera nauðasköllóttir en karlmenn, þá sérstaklega þeir yngri, eru mun meðvitaðri um útlit sitt í dag.“

Svona tattoo-augabrúnir og á augnlok hafa lengi verið vinsælar á meðal kvenna og það er hið besta mál að mínu mati, tala nú ekki um þegar konan missir allt hárið. Að setja tattoo á augabrúnir og augnlok nær að gera útlitið nánast eðlilegt að nýju. Það er ekki sama hvernig það er gert, t.d. hvaða litur er settur í tattooið, það er hægt að hafa litinn of dökkan og þá verður



Það er mjög algengt að konur fái sér förðunartattoo, sérstaklega á augabrúnir en líka á augnlok. Sá sem er ljóshærður eða rauðhærður er kannski með þannig augabrúnir að þær sjást ekki og því er algengt að viðkomandi fái sér tattoo á augabrúnir og þ.a.l. minnkar förðunartattoo talsvert þann morguninn.“

Slæm áhrif samfélagsmiðla

Birna hefur unnið í snyrtifræðibransanum í næstum tuttugu ár. Á stofunni eru gerðar allar helstu snyrtimeðferðir, t.d. litun og plockun, andlitsmeðferð, fót-snyrtingar og vax. Á ferlinum hefur Birna orðið vitni að ýmsu, m.a. þurfti hún að banna móður að setja gervineglur á átta ára gamla dóttur sína. Hún framkvæmir ekki förðunaraðgerðir á yngri konum en átján ára og hefur áhyggjur af áhrifum samfélagsmiðla á ungt fólk.

„Það kemur mjög oft fyrir að ég neita ungum konum um förðunaraðgerðir en ung kona á að mínu mati ekki að spá í slíkt fyrir en átján ára sjálffræðisaldri er náð. Stelpur og ungar konur eru að taka út þroska og á meðan það ferli er í gangi er glapræði að mínu mati að eiga varanlega við útlit sitt. Maður sér hve slæm áhrif samfélagsmiðla hafa í dag en þar eru sýnd myndbönd af ungum konum sem einhverjum finnst líta fullkomlega út en þegar betur er að gáð, er ekki allt sem sýnist. Að fara í fegurðaraðgerð þegar t.d. sprautað er fyllingu í varir, er mjög slæm þróun að mínu mati en þó eru sumar slíkar aðgerðir af hinu góða því viðkomandi er þannig fædd að varir hennar sjást varla. Það er mikill munur á því að vera ekki með varir og vilja fara í aðgerð til að líta eðlilega út, eða bæta þannig í varir sínar að manneskjan lítur út eins og önd. Eins og með brjóstastækkanir, ég sem kona get mjög



Snyrtifræðingurinn Birna Lára Þórarinsdóttir, eigandi snyrtistofunnar Carisma á Hafnargötu.

vel skilið konu sem er flatbrjósta, að vilja fara í brjóstastækkun en kona sem er með eðlileg brjóst sem vill hafa stærri brjóst, er ekki sniðugt að mínu mati.

Ég er hins vegar ekki í slíku, það þarf að leita til lýtalæknis ef viðkomandi vill fara í slíka aðgerð en ég býð öllum upp á að geta bætt útlit sitt og síðast en ekki síst, gert útlit sitt eðlilegt eftir krabbameinsaðgerð eða -meðferð. Október er bleikur mánuður, mánuðurinn er árlegur í árvekni- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélagsins, til-

einkaður baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Ég vil vekja athygli kvenna og auðvitað karla líka, á hvað hægt er að gera að lokinni krabbameinsaðgerð og -meðferð, ég hef náð að hjálpa mjög mörgum og það veitir mér svo mikla ánægju og vellíðan. Ég hvet alla til að kíkja á mig og fræðast betur um hvað málið snýst, hægt er að hafa samband við okkur á facebook síðu stofunnar, Carisma snyrtistofa Reykjanesbær,“ sagði Birna Lára að lokum.



Norrænn samhljómur í Ytri-Njarðvíkurkirkju

Föstudagskvöldið 11. október nk. mun fara fram einstakur tónlistarviðburður í Ytri-Njarðvíkurkirkju, þar sem Karlakór Stokkhólms (Stockholms Manskör) og Karlakór Keflavíkur sameinast í söng. Viðburðurinn er í tilefni af 30 ára afmæli Reykjanesbæjar.

Boðið verður upp á fjölbreytta efnisskrá. Kórarnir munu syngja hvor í sínu lagi og einnig nokkur lög saman.

Stjórnendur: Hákan Sund og Jóhann Smári Sævarsson. Undirleikari: Sævar Helgi Jóhannsson.

Miðaverð kr. 3.000. Miðasala á Tix.is og við innganginn.





Hringnum lokað hjá númer fjórtán í Ljónagryfjunni. Gunnar Þorvarðarson lék fyrsta leikinn sem var spilaður í Ljónagryfjunni, Logi sonur hans átti að spila þann síðasta en það átti eftir að breytast og að lokum féll það í hlut Söru Bjarkar, dóttur Loga og barnabarns Gunnars, að leika kveðjuleikinn. Treyja númer 14 hefur haldist innan fjölskyldunnar. VF/JPK

Þrír ættliðir Ljónagryfjunnar

Logi Gunnarsson ræddi við Víkurfréttir að loknum síðasta leiknum sem var leikinn í hinu fornfræga vígi Njarðvíkinga, Ljónagryfjunni. Þá áttust við Suðurnesjaliðin Njarðvík og Grindavík í Bónusdeild kvenna og var viðeigandi að kveðjuleiknum skyldi ljúka með sigri Ljónnynjanna, 60:54. Við byrjuðum á að spyrja Loga hvernig tilfinning það væri að kveðja Ljónagryfjuna.

„Þetta er svolítið skrítið – en frábært að ná sigri í lokaleik og ég held að ég muni það rétt að karla-liðið náði líka síðasta sigrinum á síðasta tímabili hérna í þessu húsi. Ég hélt reyndar að ég myndi spila síðasta leikinn þegar ég lék síðasta leikinn minn, það var planið,“ sagði Logi. „Þetta er búið að lengjast aðeins en það hlaut að koma að þessu einhvern tímann. Maður byrjaði hérna í leikfimi sex ára.“

Þú talaðir um að þú bjóst við að spila síðasta leikinn hérna og ef mig misminnir ekki þá tókstu hluta af Ljónagryfjunni með þér heim eftir þann leik.

„Já, félagið gaf mér bita úr húsinu og það er komið upp á vegg heima, merkt mér og númerinu mínu. Plata með nafninu mínu var einmitt sett í staðinn í sama hólfi og þetta var tekið úr. Það var mikill heiður, þannig að ég á part af Gryfjunni heima.“

ÍDRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Stórt skref fyrir félagið

Logi segir að sér lítist vel á þá upp-gangstíma sem eru framundan hjá körfuknattleiksdeild Njarðvíkur en deildin fékk afhent nýtt og glæsilegt íþróttahús sem kemur til með að leysa Ljónagryfjuna af hólmi.

„Kannski er ég hlutdrægur en þetta er að mínu mati flottasta íþróttahús á Íslandi. Þetta er náttúrulega glænýtt, með allt sem þarf að hafa og aðstaðan til fyrir-myndar. Körfufjöldinn rosalegur miðað við þessar sex körfur sem við höfum hér til að æfa – og þetta á eftir að vera gríðarlega stórt skref fyrir félagið, að vera með þessa aðstöðu og geta boðið iðkendum og öllum upp á betri aðstöðu. Við

höfum ekki verið í svo góðum málum með þetta litla hús þó það hafi verið gaman að vera hérna og allt það – en það var kominn tími á að gera þetta aðeins betra.“

Nú ert þú búinn að vera við-loðandi þetta hús í ansi mörg ár, byrjar hér í leikfimi sex ára. Hvað stendur upp úr á þessum langa tíma?

„Sko, ég kem náttúrulega á æfingar hérna með pabba mínum sem þjálfaði Njarðvíkurliðið í mörg ár og það er skemmtilegt að segja frá því að hann spilaði fyrsta leikinn í þessu húsi og nú var dóttir mín að spila þann síðasta – þannig að það er mikil tenging og margar minningar af sigrum og töpum. Ég man bara eftir því sem gutti að þá sat ég hérna á handriðinu í oddaleik Njarðvíkur og Keflavíkur, þá



Logi var heiðraður með hluta úr Ljónagryfjunni fyrir lokaleik hans með Njarðvík í lok tímabilsins 2022/2023.

var ég tíu ára. Maður man að það lak úr veggjunum, það var svo heitt hérna inni. Ég held að það hafi verið næstum því þúsund manns á þessum leik, veit ekki hvort það er satt en það var setið upp um alla vegg og opinber tala á þessum leik er 1.001.“

Logi segir að stemmningin í Ljónagryfjunni sé gríðarleg og

það sé ólýsanlegt að hafa spilað þar. „Fyrir framan alla sem maður þekkir og maður þekkir öll andlit í stúkunni. Það var sérstakt og það myndast stemmning sem ég held að sé erfitt að finna í öðrum húsum.“

Viðtalið við Loga er aðgengilegt á vef og YouTube-rás Víkurfréttar.



Sara Björk sækir að körfunni í kveðjuleiknum gegn Grindavík.

Njarðvík leikur í IceMar-höllinni næstu þrjú ár

Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur mun leika í IceMar-höllinni næstu þrjú ár. Nýtt og glæsilegt húsnæði hefur verið tekið í notkun í Stapaskóla í Innri-Njarðvík sem verður gjörbylting á aðstöðu fyrir félagið.

Bræðurnir Gunnar og Teitur Örlýgssynir innsigluðu nýjan samning við körfuknattleiksdeildina fyrir helgi ásamt Halldóri Karlssyni, formanni deildarinnar. Fyrirtæki þeirra bræðra, IceMar, verður helsti og fremsti styktaraðili deildarinnar og mun nýja keppnishúsið því heita IceMar-höllin.

„Gunnar og Teitur hafa ekki bara lagt sín helstu lóð á vogarskálarnar sem leikmenn hjá félaginu því síðustu ár hafa þeir einnig gengið vasklega fram sem stuðningsmenn og styktaraðilar. Það er frábært að koma í þetta glæsilega hús og vinna áfram með þeim Örlýgsbræðrum í IceMar-höllinni,“ sagði Halldór.

Sjávarútvegsfyrirtækið IceMar hefur í rúma tvo áratugi starfað á Reykjanesi og selt sjávarafurðir víða um heim. Gunnar er stofnandi IceMar og fyrrum leikmaður Njarðvíkinga. „Það er magnað að sjá nýja völinn okkar í Njarðvík og vafalaust ólýsanleg stemmning sem mun myndast hér þegar áhorfendur taka að streyma að á



Bræðurnir Gunnar og Teitur Örlýgssynir með Halldóri Karlssyni, formanni körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur. Myndir/UMFN

næstunni,“ sagði Gunnar en hann og fyrirtæki hans hafa stutt dyggilega við hakið á íþróttahreyfingunni í Reykjanesbæ til margra ára.

Meistaraflokkar Njarðvíkur hafa haldið sínar fyrstu æfingar í IceMar-höllinni og þá hafa starfsmenn í húsinu lagt nótt við

nýtan dag við að gera allt tilbúið en framundan er fyrsti heimalaikur Njarðvíkinga í IceMar-höllinni. Leikurinn fer fram næstkomandi laugardag, þann 12. október kl. 14:00, þegar karlaíð Njarðvíkur fær Álfanes í heimsókn í annarri umferð Bónusdeildar karla.

Mikill metnaður lagður í þetta frá báðum félögum

- segir Gylfi Tryggvason, þjálfari sameinaðs kvennaliðs Grindavíkur og Njarðvíkur.

Knattspyrnudeildir Grindavíkur og Njarðvíkur kynntu Gylfa Tryggvason um helgina sem nýjan þjálfara meistaraflokks kvenna hjá sameiginlegu liði Grindavíkur og Njarðvíkur.

Á Facebook-síðum deildanna segir að bundnar séu miklar væntingar við ráðningu Gylfa fyrir uppgang kvennaknattspyrnunnar á Suðurnesjum. Þar segir jafnframt: „Samningurinn gildir út tímabilið 2027 og er þessi ráðning gríðarlega spennandi fyrir framtíð kvennaknattspyrnunnar á Suðurnesjum.

Gylfi kemur til liðsins frá HK, þar sem hann starfaði sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna og þjálfaði einnig yngri flokka.

Reynsla hans nær víðar, en hann hefur áður þjálfað hjá Fylki, Stjórnunni og Árbæ, og er með bæði UEFA B þjálfaragráðu og UEFA youth gráðu.“



Formenn knattspyrnudeilda Grindavíkur, Haukur Guðberg Einarsson, og Njarðvíkur, Brynjar Freyr Garðarsson, handsala samninginn við Gylfa. Fyrir aftan þá standa leikmenn meistaraflokks Grindavíkur/Njarðvíkur.

Get ekki beðið eftir að byrja



Gylfi segir mikinn mun á þjálfun karla- og kvennaliða en honum finnst bæði „alveg fánlega skemmtilegt“.

Mynd af Facebook-síðu Gylfa

„Þetta leggst mjög vel í mig, bara geggjað,“ sagði Gylfi Tryggvason, nýráðinn þjálfari sameiginlegs meistaraflokks kvenna Grindavíkur og Njarðvíkur, þegar Víkurfréttir slógu á þráðinn til hans eftir ráðninguna.

„Það er mikill metnaður lagður í þetta frá báðum félögum og ég er mjög spenntur fyrir að vinna í svona metnaðarfullu umhverfi – get ekki beðið eftir að byrja.“

Við byrjum á að biðja Gylfa að segja okkur lauslega frá sínum þjálfaraferli.

„Ég er alinn upp í Árbænum, Fylkismaður, og er búinn að vera að þjálfá í yngri flokkum Fylkis, Stjórnunnar, HK. Svo var ég að þjálfá meistaraflokk Árbæjar, sem var stofnað 2022 og við fórum upp úr fjórðu deildinni í fyrstu tilraun, enduðum síðan í þriðja sæti í þriðju deildinni í fyrra. Þá fór ég inn í teymið hjá kvennaliði HK, var þar sem aðstoðarþjálfari og hér er ég í dag,“ segir Gylfi.

Nú hefur þú verið viðloðandi meistaraflokksstarf hjá körlum og konum. Hver finnst þér vera helsti munurinn á þessu tvennu?

Nú verður Gylfi kjaftstopp og skellir upp úr eftir smá stund. „Þetta er það stór spurning að ég held að ég geti ekki svarað henni í stuttu máli. Ég get sagt að það er mjög mikill munur – og ég get sagt að mér finnst bæði alveg fánlega skemmtilegt.“

Hver eru markmiðin hjá ykkur fyrir komandi tíma?

„Ég held að markmiðin hjá félögum sé að ná stöðugleika, við erum klárlega í uppbyggingarferli. Ég held að það að mynda sterka heild sé aðalmálið. Við erum með góðan kjarna og þurfum að byggja

ofan á hann með góðum styrkingum og taka þetta í skrefum.

Ég var að hitta stelpurnar í fyrsta sinn og næsta mál á dagskrá er að ræða við þær, einhverjar eru að renna út á samning og svo þurfum við að bæta við. Við þurfum að stækka hópinn talsvert,“ segir Gylfi.

Verður gaman að taka þátt í alvöru Suðurnesjaslag

Nú þegar þú ert farinn að þjálfá hér á Suðurnesjum þarftu að fara að koma þér inn í Suðurnesjarígginn, stærstu leiknir á næsta ári verður þegar þið spilið gegn Keflavík. Þá er allt lagt undir.

„Já, það verður gaman. Fá alvöru Suðurnesjaslag. Ég var með hlaðvarpið Ástríðan, þar sem við vorum að fjalla um neðri deildirnar. Það var einmitt mjög gaman þegar Reynir og Víðir voru að mætast. Þannig að það verður gaman að fá að taka þátt í því,“ sagði Gylfi að lokum.

Guðrún Jóna þjálfar Keflavík



Guðrún Jóna Kristjánsdóttir mun þjálfá Keflavík áfram eftir að hafa tekið við liðinu í sumar. Guðrún handsalaði samning við Ragnar Aron Ragnarsson, framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar Keflavíkur, til loka ársins 2026.

Keflvíkingar munu leika í næstefstu deild á næsta tímabili. Margir ungir og spennandi leikmenn hafa verið að fá tækifæri undanfarið og verður áhugavert að fylgjast með þeirra framgangi.

Guðrún Jóna lék á sínum tíma 360 leiki með KR og á að baki 25 A-landsleiki fyrir Íslands hönd. Hún hefur m.a. þjálfað hjá Haukum, Þrótti, FH og KR.



Elsa fagnar heimsmeistaratitlinum á verðlaunapalli í Sun City, Suður-Afríku. Mynd af Facebook-síðu Elsu

Fjórði heimsmeistaratitill Elsu í röð

Kraftlyftingakonan Elsa Pálsdóttir úr Massa varði um helgina heimsmeistaratitil sinn í klassískum kraftlyftingum í Masters-flokk. Þetta er fjórða árið í röð þar sem hún verður bæði heims- og Evrópumeistari.

Keppnin fór fram í Sun City í Suður-Afríku og fékk Elsa gull í hnébeygju og réttstöðulyftu, silfur í bekkpressu og gull í samanlögðu. „Ég gerði heildarlega tilraun til að slá heimsmetið í hnébeygju en því miður þá fékk ég hana ógilda vegna dýptar,“ segir Elsa í færslu á Facebook. „Ég er ekki þar sátt við þann dóm en maður deilir ekki við dómarnum.“

Í færslunni segist Elsa vera afar þakklát fyrir þennan árangur en árið hefur reynst henni erfitt vegna meiðsla.

„Í apríl greindist ég með brjós-klos í hálsi og missti mikinn kraft í vinstri hendi sem gerði það að verkum að þyngdarnar fóru niður úr öllu valdi. Þetta hafði töluverð áhrif á æfingarplön og þurfti ég að aðlaga æfingarnar í kringum

meiðslin. En með þrautseigju, elju og góðra manna hjálp þá tókst mér að nálgast mínar bestu þyngdir sem dugði til að landa heimsmeistaratitlinum,“ segir þessi kraftakerling sem augljóslega gefst ekki svo auðveldlega upp og þakkaði hún einnig Kristleifi Andrésyni, þjálfara sínum, fyrir þann stuðning sem hann veitti henni.

Elsa heldur ævintýri sínu áfram því að þessu sinni ákvað hún að taka einnig þátt í keppni í búnaði.

Víkurfréttir óskuðu Elsu til hamingju með titilinn og spurðu hana hvað það sé að keppa í búnaði.

„Takk kærlega. Það er að keppa í svokallaðri brók og slopp sem er mjög stífur búnaður sem gefur ekkert eftir og hjálpar manni í lyftunum. Kúntin þar er að komast niður, svo hjálpar búnaðurinn manni upp,“ svaraði Elsa frá Suður-Afríku.

Elsa mun keppa í búnaði þann 11. október og verður gaman að fylgjast með hvort enn einn titillinn komi til með að bætast í safnið hjá þessari kraftakonu.

Team Rynkeby afhenti Umhyggju 32 milljónir

Laugardaginn 28. september afhenti Team Rynkeby á Íslandi Umhyggju – félagi langveikra barna söfnunarfé hjólaársins 2023–2024 við hátíðlega athöfn í húsaáttum embættis landlæknis.

Fulltrúar Umhyggju, Jón Kjartan Kristinsson, stjórnarformaður Umhyggju, Chien Tai Shill og Þórdís Helgadóttir Thors veittu styrknum móttöku úr höndum Víólettu Óskar Hlödversdóttur, liðsstjóra íslenska liðsins, en

styrkurinn að þessu sinni var að upphæð 31.945.738 krónur. Fulltrúar Umhyggju færðu Team Rynkeby miklar þakkir við þetta tilefni og fóru yfir hlutverk Umhyggju og verkefni sem söfnunarféð nýttist í. Fram kom í máli þeirra að söfnun-

arféð verður m.a. nýtt í þágu rannsóknna og í almenna þjónustu sem félagið veitir langveikum börnum og aðstandendum þeirra.

Nánar er hægt að fræðast um störf félaganna, Team Rynkeby og Umhyggju, á heimasíðum þeirra, www.team-rynkeby.is og www.umhyggja.is.



Frá athöfninni þegar söfnunarféð var afhent Umhyggju.

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Heilsuleikskólinn Heiðarsel - Leikskólakennarar/starfsfólk

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Viltu taka þátt í að veita börnum og fjölskyldum stuðning?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



Það er engin leið að hætta

Við förum í bíó, við förum á kostum og förum á puttanum rúnt, er sungið í einu ástsælasta popplagi níunda áratugarins. „Amma, hvað er þetta bíó sem sungið er um?“ sé ég fyrir mér að barnabörnin spyrji mig í framtíðinni. Ætli ég segi þeim ekki að það hafi bara verið til í gamla daga.

Eftir að fréttir bárust af því að eina bíóhúsið í bænum hyrfi nú á braut, eins og svo margt annað, fannst mér ekki seinna vænna að skella mér á sýningu og kveðja salinn. Ekki það, ég hef verið tíður gestur í þessu sama kvikmyndahúsi alla mína ævi. Á margar skemmtilegar minningar þaðan. Hef bæði hlegið þar og grátið. Mætti galvösk í bekkjarbíó, afmælisbíó, fjölskyldubíó, vinkonubíó, fyrsta-deits bíó, yfirfull og tóm bíó.

Eftirminnilegust var örugglega Star Wars frumsýningin '99. Húsið var svo troðfullt að við frænka mín urðum að sitja í stiganum. Og vorum ekki þær einu. En mesta sportið var þegar gamla Bergás salnum var breytt í sal 2. Sérstaklega þegar farið var á hryllingsmynd á unglingsárunum og eftir sýninguna þurfti að ganga út á bakvið í myrkríð og drungann. Í seinni tíð fór ég svo að fara með börnunum mínum sem iðulega voru búin með sælgætið þegar auglýsingunum lauk og sykurinn kominn í blússandi gir þegar rétt nokkrar mínútur voru liðnar af myndinni. Samt alltaf jafn spennandi fyrir litla gorma að fara í bíó.

En aftur að kveðjusýningunni. Við mamma skelltum okkur saman. Salurinn fullur til háls og

víða mátti sjá fleiri mæðgnahópa. Eldri kynslóðin tekur bíóferðum augljóslega eilítið hátíðlegar en við hinar, uppábúnað með varalit og klút, svo ekki sé minnst á ilmvatnslyktina sem fyllti rýmið. Aldamótakynslóðin meira með letisnúðinn í hárinu og niður-dressaðar í jogging galla og íþróttaskó.

Hvað ætli ég hafi setið í mörgum sætum í þessu sama húsi á öllum þessum árum? Nei, ég mátti ekki gleyma mér í dramatískum hugsunum. Nógu dramatísk var myndin nú fyrir. Hún hélt athygli minni allt fram að hléi en þá tók ég eftir því að heldri maður sat fyrir aftan okkur og sá hafði mætt einn síns liðs. Samviskubitið yfir óstöðvandi tækni og vísindum helltist yfir mig og ég bólvaði streymisveitunum í laumi. Hvað með elstu kynslóðina

LOKAORD



ÍRISAR VALSDÓTTUR

sem skellir sér í bíó til þess eins að gera sér dagamun?

Þegar sýningunni lauk á þessu fina föstudagskvöldi ákváðum við mamma að taka einn rúnt á Hafnargötunni. Klukkan tíu að kvöldi voru ekki nema þrjár bílar á ferð. Það eina sem mætti okkur voru litglaðir ljósaustaurar og fallega bergið okkar upplýst. Enginn á rúntinum lengur. „Amma, var rúntur bara til í gamla daga?“



Mundi

Þetta er köld vatnsgusa framan í Sandgerðinga og svo verður tvöfalt dýrara að vökva gervigrasið þar ...

Ungmennahús til skoðunar

Hugmyndavinna ungmennaráðs Suðurnesjabæjar að ungmennahúsi eftir fund með ungmennum í Suðurnesjabæ er hafin. Ráðið vill eiga fund með fulltrúum frá bæjarráði sem allra fyrst og kynna þar fyrir þeim hugmynd að ungmennahúsi í Suðurnesjabæ. Ráðinu þykir þetta mikilvægt og spennandi verkefni og hlakkar til komandi tíma og opunar á ungmennahúsi í Suðurnesjabæ, segir í fundargerð.



100 bangsar að gjöf

Kiwanisklúbburinn Keilir hefur séð sjúkrabilum á Suðurnesjum fyrir böngsum í 30 ár og er þessi mjúki aðstoðarmaður sem fékk nafnið Ævar orðinn ómissandi í sjúkrabilana.

Nýlega afhenti Keilir Brunavörnum Suðurnesja 100 bangsa að gjöf. Á myndinni má sjá Jón Ragnar Reynisson, forseta Keilis, og Ingólf Ingibergsson, formann styrktarnefndar, afhenda fyrsta bangsann í ár. Jökull Ísak Birgisson var sérstakur aðstoðarmaður.



Nanna er búin að skella í lás eftir 37 ár í verslun.

Draumadagar en líka erfiðir

„Ég viðurkenni að það er smá tregi, þó þetta sé orðið fínt og ég orðin gömul. Þetta eru orðin þrjátíu og sjö ár,“ sagði Nanna Soffía Jónsdóttir á síðasta opunardegi gjafa- og blómaverslunarinnar Draumalands í Keflavík síðasta laugardag.

Nanna hefur staðið blóma- og gjafavöruvaktina í miðbæ Keflavíkur í nærri fjóra áratugi. Afgreitt hundruð eða líklega þúsundir með bros á vör. Hún hélt rýmingarsölu síðustu vikurnar og á lokdaginn var hún með 80% afslátt. „Það

hefur hreinsast vel út úr búðinni sem er gott. Ég lét Kvenfélagið síðan fá restina,“ sagði Nanna við blaðamann VF en er eitthvað sem stendur upp úr eftir öll þessi ár í verslun?

„Þetta er búíð að vera skemmtilegt en auðvitað líka stundum ekki eins gaman og erfitt. Það er ekki auðvelt að reka verslun í Reykjanesbæ. Við erum nálægt höfuðborgarsvæðinu og því miður fara margir Suðurnesjamenn þangað og leita ekki fyrst til okkar. En ég vil bara þakka öllum viðskiptavinum mínum og samstarfsgönnum. Ég fæ meiri tíma fyrir sófann núna,“ sagði Nanna að lokum.

NOKIAN
TYRES

Kauptu Nokian gæðdekk fyrir veturinn!

Finndu réttu dekkinn fyrir bílinn þinn.

FINNDU
DEKKIN ÞÍN
Á MAX1.IS

Bókaðu dekkjaskiptin á nýju verkstæði MAX1 við Flugvelli 22 í Reykjanesbæ á max1.is.

MAX1
BÍLAVAKTIN